

Föstudaginn 10. maí 1963.

Nr. 160/1962. **Ákærvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)  
gegn

**Ólafi Friðgeiri Ólafssyni**

(Páll S. Pálsson hrl.).

**D ó m e n d u r :**

hæstaréttardómarnir Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson, Jónatan Hallvarðsson og Lárus Jóhannesson og Einar Arnalds yfirbergardómari.

Áfengis- og umferðarlagabrot.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Eftir uppkvaðningu hins áfrýjaða dóms hafa vitnin Eiríkur Jónsson, Áslaug Sigurðardóttir, Gunnar Gunnarsson og Ólafur Jensson staðfest fyrri skýrslur sínar fyrir sakadómi og vitnin Guðmundur Georgsson læknir og Anna Sigurðardóttir húsfreyja hafa gefið nýjar skýrslur og staðfest þær.

I. Fallast má á það með héraðsdómaranum, að ástand ákærða aðfaranótt 26. maí 1961, er hann sumpart ók bifreið sinni R 193 og sumpart gerði tilraun til að aka henni, svo sem segir í dóminum, hafi verið þannig, að hann hafi ekki getað stjórnað bifreiðinni á tryggilegan hátt og því gerzt brotlegur gegn 2. mgr. 24. gr. umferðarlaga nr. 26/1958.

II. Þá verður og að telja sannað með framburði vitnanna Áslaugar og Önnu Sigurðardætra, að ákærði hafi, er hann aðfaranótt 17. apríl 1961 ók bifreið sinni R 195 aftan á bifreiðina R 7074 við húsið nr. 86 við Miklubraut og olli nokkrum spjöllum á henni, gerzt sekur um brot á þeim greinum umferðarlaga, sem í ákæruskjali greinir.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin í hinum áfrýjaða dómi, og þar sem fallast má á ákvæði hans um öku-leyfissviptingu og málskostnaðargreiðslu, ber að staðfesta hann að niðurstöðu til.

Þá ber og að dæma ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málssóknarlaun fyrir

Hæstarétti, er renni í ríkissjóð, kr. 4000.00, og málsvarnarlaun verjanda hans fyrir Hæstarétti, sem ákveðast kr. 4000.00.

### Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Ólafur Friðgeir Ólafsson, greiði allan kostnað af áfrýjun málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 4000.00, og málsvarnarlaun verjanda hans fyrir Hæstarétti, Páls S. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 4000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

### Dómur sakadóms Reykjavíkur 29. maí 1961.

Ár 1962, þriðjudaginn 29. maí, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í skrifstofu dómsins af Ármanni Kristinssyni sakadómarara, kveðinn upp dómur í sakadómsmáli nr. 2527/1962: Ákærvaldið gegn Ólafi Friðgeiri Ólafssyni, sem tekið var til dóms samdægurs.

Málið er með ákæruskjali, dagsettu 26. febrúar 1962, höfðað gegn ákærðum Ólafi Friðgeiri Ólafssyni forstjóra, Grænuhlíð 8, Reykjavík, fyrir að hafa aðfaranótt föstudagsins 26. maí 1961 ekið bifreiðinni R 195 frá Grænuhlíð 8 að Skaftahlíð 6 og fyrir að reyna að aka henni síðan áfram þaðan, enda þótt hann væri þá haldinn slíkri þreytu eða sljóleika vegna neyzlu æsandi eða deyfandi lyfja eða vegna ofreynslu og svefnleysis, að hann gat eigi stjórnað bifreiðinni á tryggilegan hátt.

Þá er málið einnig höfðað gegn ákærða fyrir að hafa aðfaranótt mánudagsins 17. apríl 1961 ekið bifreiðinni R 195 án nægilegrar aðgæzlu um Miklubraut, en nálægt húsi nr. 86 við þá götu ók ákærði bifreið sinni utan í bifreiðina R 7074 og fyrir að hverfa síðan af vettvangi, án þess að skýra lögreglu frá árekstrinum.

Telst ákærði með fyrrgreindu hafa gerzt brotlegur við 2. mgr. 24. gr., 1. mgr. 26. gr., 1. mgr. 37. gr. og 2 mgr. 41. gr, sbr, 80, gr. umferðarlaga nr. 26/1958.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til öku-leyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og til greiðslu sakarkostnaðar.

Ákærði er fæddur 19. apríl 1911 að Seljalandi, Gufudalshreppi, Austur-Barðastrandarsýslu. Sakavottorð hans hljóðar svo:

1946 20/12 Reykjavík: Sátt, 20 kr. sekt fyrir ólöglegt bifreiðastæði.

1947 15/10 Rvík: Áminning fyrir ólöglegt bifreiðastæði.

1948 12/1 Rvík: Sátt, 20 kr. sekt fyrir brot gegn lögum nr. 18/1901.

— 23/6 Rvík: Áminning fyrir ólöglegt bifreiðarstæði.

— 18/2 Rvík: Sátt, 500 kr. sekt fyrir brot gegn tilkynningu verðlagsstjóra nr. 25/1947, sbr. lög nr. 70/1947.

1949 28/2 Rvík: Sátt, 50 kr. sekt fyrir ólöglegt bifreiðarstæði.

1951 2/3 Rvík: Kærður fyrir ólöglegt bifreiðarstæði. Fellt niður.

— 26/4 Rvík: Sátt, 50 kr. sekt fyrir ólöglegt bifreiðarstæði.

1953 27/11 Rvík: Kærður fyrir ólöglegt bifreiðarstæði. Fellt niður.

1955 17/3 Rvík: Sátt, 50 kr. sekt fyrir brot á 28. gr. lögreglu-samþykktar.

— 6/7 Rvík: Sátt, 50 kr. sekt. fyrir brot á 28. gr. lögreglu-samþykktar.

— 13/10 Rvík: Áminning fyrir ólöglegt bifreiðarstæði.

1959 6/6 Rvík: Dómur: 15 daga varðhald, sviptur ökuleyfi í 18 mánuði fyrir brot á áfengis- og umferðarlögum.

1960 30/3 Rvík: Dómur Hæstaréttar: 1 árs ökuleyfissvipting fyrir framangreint brot.

— 4/5 Rvík: Sátt, 50 kr. sekt fyrir brot á lögum nr. 73/1952.

— 22/8 Rvík: Sátt, 300 kr. sekt fyrir vanrækslu á að verðmerkja söluvöru.

Málsatvik eru þessi:

### I.

Aðfaranótt föstudagsins 26. maí 1961, klukkan 02.00, var lögreglu tilkynnt, að ölvaður maður væri að leggja af stað í bifreið frá Skaptahlíð 6. Lögreglan var í næstu grennd, og er hún kom á staðinn, var ákærði við stýri bifreiðarinnar R 195. Ekki var vél bifreiðarinnar gangsett, en heit viðkomu, og kvaðst ákærði hafa ekið bifreiðinni heiman að frá sér á fyrrnefndan stað. Ákærði var fluttur á Slysavarðstofu Reykjavíkur til rannsóknar.

Í vottorði Guðmundar Georgssonar cand. med. segir svo um ástand ákærða, m. a.: „Maðurinn svarar flestum spurningum út í hött og neitar stöðugt að hafa tekið nokkrar töflur síðan

í fyrradag, að hann kveðst hafa tekið nokkrar töflur til að sofa af, enda átt erfitt með svefn. Hins vegar kveðst hann vera dálítið miður sín núna, enda finni hann oft til óstyrks og magnleysis, er hann hafi unnið mikið og lítið sofið, en svo sé ástatt nú . . . . . Skoðun: Hann getur ekki gengið óstuddur. Ef hann er látinn standa með fætur saman en opin augu, fellur hann til hægri. Hann er þvöglumæltur sem drukkinn væri, en engan áfengisþef leggur þó úr vitum hans. Húðin er fölleit, en heit. Blóðþrýstingur 145/100 og púls er reglulegur og styrkur 84/mín. — Augu: Pupillur eru fremur þröngar, en reagera fyrir ljósi. Við prófun á augnhreyfingum kemur fram konvergensinsufficiens. — Limir: Vægur tremor við fingur-nef-próf, en hins vegar er áberandi ataxi á báðum fótum við hæl-hné-próf. Sinaviðbrögð eru dauf, en jöfn báðum megin og fást fram, nema patellarreflex, sem ekki fæst fram með vissu.“

Ákærði hefur fyrir dómi játað að hafa ekið bifreiðinni R 195 heiman að frá sér og að Skaptahlíð 6 umrædda nótt og komið þangað um 15—20 mínútum áður en lögreglan kom á staðinn. Hann kvaðst ekki hafa verið undir áhrifum áfengis. Lyfja sagðist ákærði að jafnaði neyta vegna meiðsla, er hann hlaut 12. febrúar 1961, en þó aðeins að læknisráði og þann dag, sem hér skiptir máli, hafi alls ekki verið um frekari lyfjaneyzlu að ræða.

Verða nú raktir framburðir nkkurra vitna um ástand ákærða:

Vitnið Björn Eysteinn Kristjánsson lögreglumaður sagði ákærða hafa borið öll merki þess að vera með miklum áfengisáhrifum, allt að því ósjálfbjarga. Varð vitnið að aðstoða ákærða við að komast inn í lögreglubifreiðina, þar eð ákærði gat það ekki hjálparlaust. Málfar ákærða var þvöglulegt, en hins vegar fann vitnið enga vínlykt af honum.

Vitnið Grétar Guðmundsson kvaðst ekki hafa verið í vafa um, að ákærði væri „dauðadrukkinn“. Hann hafi verið allur mjög slappur í framgöngu og þvöglumæltur.

Vitnið Rúnar Guðmundsson lögreglumaður sagði ákærða hafa verið óstyrkan á fótum og ekki hefði hann haft vald á talfærum sínum, enda bersýnilega mjög miður sín. Taldi vitni þetta, að ástand ákærða hefði verið verra en ástand drukkens manns.

Vitninu Gunnari Gunnarssyni virtist ákærði mjög drukkinn, málrómur hans drafandi og tal hans sundurlaust rugl. Kvaðst vitnið hafa boðizt til að aka ákærða heim, en hann talið það óþarft, þar sem hann hefði ekkert drukkíð.

Vitnið Ólafur Jensson taldi ákærða dauðadrukkinn, málfar hans drafandi og tal sundurlaust.

Vitnið Jón Eyjólfur Jónsson lögreglumaður sagði ákærða hafa haft öll einkenni ölvaðs manns, nema vínlykt var ekki að finna af honum. Ákærði hefði átt erfitt með gang, málfar verið drafandi og tal hans að ýmsu leyti ruglingslegt.

Vitnið Sigurður Jónsson kvaðst fyrst hafa orðið vart við ákærða fyrir utan heimili sitt, Skaptahlíð 6, þar sem ákærði setti vél bifreiðarinnar í gang hvað eftir annað með miklum hávaða og gauragangi. Kvaðst vitnið þá hafa farið út og ekki betur séð en að ákærði væri „dauðadrukkinn“.

Samkvæmt læknisvottorði og með vitnaframburðum þeim, sem raktir hafa verið hér að framan, verður að telja nægilega sann- að, að ástand ákærða hafi verið slíkt umrætt sinn „að hann hafi ekki getað stjórnað ökutæki á tryggilegan hátt. Varðar sú hátt- semi við 2. mgr. 24. gr. umferðarlaga nr. 26/1958.

## II.

Hinn 4. september 1961 kærði Eiríkur Jónsson til rannsóknar- lögreglu, að aðfaranótt hins 17. apríl 1961 hefði bifreiðinni R 195 verið ekið aftan á bifreið hans R 7074, þar sem hún hefði staðið framan við húsið nr. 86 við Miklubraut hér í borg. Sagði Eirík- ur, að skemmdir á bifreið hans hefðu orðið þær, að afturhögg- vari hefði beyglazt, festing hans í grind brotnað og vinstra afturbretti hefði beyglazt. Rannsóknarlögregla tók fyrst skýrslu af ákærða hinn 7. febrúar 1962. Ákærði kvaðst hafa verið staddur með bifreið sína, R 195, á Miklubraut umrætt sinn og þá aðeins komið þar við afturhöggvara kyrrstæðrar bifreiðar. Sagðist ákærði þá strax hafa stöðvað bifreið sína, ekki séð, að neinar skemmdir hefðu orðið og því haldið sína leið.

Hinn 8. febrúar 1962 skýrðu tvö vitni rannsóknarlögreglu svo frá, að þau hefðu séð, er áreksturinn varð, en ekki orðið þess vör fyrr en daginn eftir, að skemmdir hefðu orðið á bifreið þeirri, sem ekið var á. Ákærði ítrekaði fyrir dómi, að hann hefði ekki orðið var við neinar skemmdir á hinni bifreiðinni, aðeins um viðkomu að ræða.

Þegar til þess er litið, að engin rannsókn fór fram á bifreið- unum af hálfu lögreglu, enda málið ekki kært fyrr en röskum fjórum mánuðum eftir að atvikið átti að hafa gerzt, sem og þess, að ekkert vitni hefur séð ákærða valda spjöllum á bif-

reiðinni R 7074, þykir varhugavert að telja nægilega sannað í refsímáli þessu, að ákærði hafi umrætt sinn orðið sekur um slíkan árekstur, sem varði hann refsingu, og ber því að sýkna hann af þessum lið ákæruskjals.

Refsing ákærða samkvæmt 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 þykir eftir atvikum hæfilega ákveðin varðhald 15 daga.

Samkvæmt 81. gr. sömu laga ber að svipta ákærða ökuréttindum ævilangt frá birtingu dóms þessa að telja.

Loks ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

#### Dómsorð:

Ákærði, Ólafur Friðgeir Ólafsson, sæti varðhaldi 15 daga.

Ákærði er sviptur ökuréttindum ævilangt frá birtingu dómsins að telja.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 10. maí 1963.

Nr. 181/1962. **Hafsteinn Ólafsson**

(Þorvaldur Þórarinsson hrl.)

gegn

**Sigurvini Sveinssyni**

(Jón N. Sigurðsson hrl.).

#### D ó m e n d u r :

hæstaréttardómarnir Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson, Jónatan Hallvarðsson og Lárus Jóhannesson og Einar Arnalds yfirborgardómari.

Ómerking dóms og málsmeðferðar.

#### Dómur Hæstaréttar.

Hákon H. Kristjánsson, settur bæjarfógeti í Keflavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstréttar með stefnu 13. desember 1962, að fengnu áfrýjunarleyfi 10. s. m. Hann krefst þess aðallega, að hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð í héraði verði ómerkt og málinu vísað heim í hér-